

Þjóðaratkvæðagreiðsla 6. mars 2010

Referendum 6 March 2010


Samantekt Þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram 6. mars 2010. Var þetta fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan frá stofnun Lýðveldisins 1944. Við kosningarnar voru alls 229.926 á kjörskrá eða 72,3% landsmanna. Af þeim greiddu 144.231 atkvæði eða 62,7% kjósenda. Kosningaþátttaka karla og kvenna var mjög svipuð, eða 62,9% hjá körlum og 62,6% hjá konum.

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni voru greidd atkvæði um það hvort lög nr. 1/2010 ættu að halda gildi sínu eða falla úr gildi. Úrslit kosninganna urðu þau að gild atkvæði voru 136.991, auðir seðlar 6.744 og aðrir ógildir seðlar 496. Gild atkvæði féllu þannig að „já“ sögðu 2.599 kjósendur eða 1,9% en „nei“ sögðu 134.392 eða 98,1%. Lög nr. 1/2010 voru þar með felld úr gildi.

Lög nr. 1/2010 kveða á um breytingu á lögum nr. 96/2009. Alþingi samþykkti lög nr. 1/2010 en forseti synjaði þeim staðfestingar. Lögin eru um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Mynd 1. Gild atkvæði. Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?

Figure 1. Valid votes. Should the Act No. 1/2010 remain in force?



Tafla 1. Kjósendur og greidd atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010
Table 1. Voters and votes cast in the referendum 6 March 2010

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	229.926	114.928	114.998
Hlutfall af íbúatölu <i>Percentage of population</i>	72,3	71,9	72,8
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	144.231	72.295	71.936
Kosningaþátttaka, % <i>Participation, %</i>	62,7	62,9	62,6
Gild atkvæði <i>Valid votes</i>	136.991	.	.
Ógild atkvæði <i>Blank and void ballots</i>	7.240	.	.
Auð atkvæði <i>Blank ballots</i>	6.744	.	.
Önnur ógild atkvæði <i>Void ballots</i>	496	.	.

Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu

*Lög nr. 4/2010 um
þjóðaratkvæðagreiðsluna*

Í lögum nr. 4/2010 er kveðið á um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga nr. 1/2010, sem Alþingi samþykkti 30. desember 2009 en forseti neitaði að staðfesta 5. janúar 2010. Lög nr. 1/2010 eru um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Um lánin hafði verið samið í svokölluðum Icesave-samningum.

Samkvæmt lögum nr. 4/2010 skyldi atkvæðagreiðslan fara fram eigi síðar en fyrsta laugardag í mars 2010 í samræmi við 26. gr. stjórnarskrárinnar og fór hún fram 6. mars 2010. Um kosningarétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslunni skyldi farið á sama hátt og í alþingiskosningum. Það átti og við um ýmsa aðra þætti við undirbúning og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar sjálfrar svo og talningu atkvæða.

Um hvað var kosið?

Á kjörseðli voru gefnir tveir möguleikar á svari við því hvort lög nr. 1/2010 ættu að halda gildi sínu: „Já, þau eiga að halda gildi“ og „Nei, þau eiga að falla úr gildi“. Meirihluti atkvæða af landinu öllu réði niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar og vægi atkvæða var jafnt. Ef meirihluti svaraði játandi héldu löggin gildi sínu en ef meirihluti svaraði neitandi féllu löggin úr gildi.

Skýrslugerð

Löng hefð er fyrir því að Hagstofa Íslands taki saman skýrslur um almennar kosningar á Íslandi og í 116. grein kosningalaga nr. 24 frá árinu 2000 segir: „Kjörstjórnir skulu senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem Hagstofan lætur í té.“ Í 11. gr. laga nr. 4/2010 um þjóðaratkvæðagreiðsluna er m.a. vísað til ofangreinds ákvæðis 116. gr. kosningalaga.

Í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar lét Hagstofa Íslands kjörstjórnnum og yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð til útfyllingar vegna skýrslugerðar um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar. Leitað var eftir upplýsingum um fjölda kjörstaða og kjördeilda, fjölda kjósenda eftir kyni, fjölda greiddra atkvæða á kjörfundi, fjölda greiddra utankjörfundaratkvæða og loks heildarfjölda atkvæða. Að lokinni atkvæðagreiðslu sendu kjörstjórnir yfirkjörstjórnnum niðurstöður sínar og tóku yfirkjörstjórnir síðan saman yfirlit sem Hagstofa Íslands fékk til sinnar skýrslugerðar. Í skýrslugerðinni er einnig stuðst við tilkynningu landskjörstjórnar um fund hennar

15. mars 2010 þar sem niðurstöðum atkvæðagreiðslunnar var lýst og auglýsingu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis frá 16. mars 2010 um sama efni.

Fjöldi á kjörskrá

Hverjir mega kjósa?

Samkvæmt kosningalögum á hver íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með lögheimili hér á landi kosningarrétt við kosningar til Alþingis. Íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með lögheimili hér á landi á jafnframt kosningarrétt í átta ár eftir að hann flytur lögheimili sitt af landinu, talið frá 1. desember fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á einnig kosningarrétt eftir þann tíma, enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum kosningalaga. Þessi sömu ákvæði áttu einnig við um þjóðar-atkvæðagreiðsluna.

Kjörskrárstofn

Þjóðskrá lætur sveitarstjórnnum í té stofn að kjörskrá, svonefndan kjörskrárstofn, sem þær gera svo úr garði að úr verður gild kjörskrá. Kjörskrá skal sveitarstjórn leggja fram almenningi til sýnis eigi síðar en 10 dögum fyrir kjördag og ber sveitarstjórn að leiðrétta kjörskrá, ef við á, fram á kjördag. Var þessi frestur sveitarstjórna stytur í viku fyrir þjóðar-atkvæðagreiðsluna samkvæmt 2. gr. laga nr.4/2010. Með endanlegri kjörskrá hefur verið tekið tillit til fjölda látinna og þeirra sem fengið hafa nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofn var unninn, svo og annarra leiðréttinga sem gerðar hafa verið á kjörskrárstofninum.

Kjörskrá við þjóðar-atkvæðagreiðsluna 6. mars 2010 vék lítillega frá upphaflegum kjörskrárstofni. Á kjörskrárstofni sem Hagstofan birti voru skráðir alls 230.014 kjósendur, eða 88 fleiri en á endanlegri kjörskrá að lokinni atkvæðagreiðslu.

Tafla 2. Kjósendur á kjörskrá og kjörskrárstofni við þjóðar-atkvæðagreiðsluna 6. mars 2010

Table 2. Voters on the electoral roll and on the preliminary electoral roll prior to the referendum 6 March 2010

	Alls <i>Total</i>	Norð- vestur- kjörd.	Norð- austur kjörd.	Suður- kjörd.	Suð- vestur- kjörd.	Reykja- víkur- kjörd. suður	Reykja- víkur- kjörd. norður
Kjósendur á kjörskrá alls							
<i>Voters on the electoral roll, total</i>	229.926	21.324	28.587	32.646	59.335	44.049	43.985
Karlar <i>Males</i>	114.928	10.973	14.542	16.786	29.555	21.415	21.657
Konur <i>Females</i>	114.998	10.351	14.045	15.860	29.780	22.634	22.328
Kjósendur á kjörskrárstofni alls							
<i>Voters on preliminary electoral roll</i>	230.014	21.324	28.604	32.689	59.343	44.052	44.002
Karlar <i>Males</i>	114.614	10.973	14.552	16.812	29.192	21.418	21.667
Konur <i>Females</i>	115.400	10.351	14.052	15.877	30.151	22.634	22.335
Kjósendur með lögheimili erlendis							
<i>Domicile abroad</i>	11.154	714	973	1.277	2.966	2.536	2.688
Kjósendur með lögheimili erlendis, %							
<i>Domicile abroad, %</i>	4,8	3,3	3,4	3,9	5,0	5,8	6,1

Note: For translation of constituencies see table 5 on page 6.

Kjósendur á kjörskrá 229.926

Við þjóðaratkvæðagreiðsluna voru 229.926 manns á kjörskrá, eða 72,3% allra landsmanna. Í alþingiskosningum 2009 var þetta hlutfall 71,1%. Á kjörskrárstofni árið 2010 voru 11.154 með lögheimili erlendis, eða 4,8% allra sem höfðu kosningarétt (tafla 2). Var sambærilegt hlutfall 4,4% í alþingiskosningunum 2009.


Kosningabátttaka

Kosningabátttaka 62,7%

Við þjóðaratkvæðagreiðsluna 6. mars 2010 greiddu atkvæði alls 144.231 kjósendi, eða 62,7% allra kosningabærra manna. Er þetta minni kosningabátttaka en almennt hefur tíðkast í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum svo og í forsetakjöri að undanskyldu forsetakjöri árið 2004 en þá var kosningabátttakan 62,9%. Bátttaka karla í atkvæðagreiðslunni nú var 62,9% og kvenna 62,6%. Til samanburðar þá hefur kosningabátttaka kvenna verið heldur meiri en karla í þingkosningum frá árinu 1995.

Mynd 2. Kosningabátttaka eftir tegund kosninga. Síðustu kosningar

Figure 2. Participation in elections by type. Last elections



Kosningabátttaka mest 66,3% í Suðurlkjördæmi

Kosningabátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2010 var mest í Suðurlkjördæmi, 66,3%, en minnst í Reykjavíkurlkjördæmi norður 58,6%. Var þátttaka kvenna heldur meiri en þátttaka karla í Suðurlkjördæmi og Suðvesturlkjördæmi en þátttaka karla meiri en kvenna í hinum fjórum kjördæmunum. Í einstökum sveitarfélögum var kosningabátttakan mest í Árneshreppi (81,4%) en minnst í Svalbarðshreppi 48,8% (tafla 8). Var þátttakan á bilinu 60-69,9% í 50 af alls 77 sveitarfélögum.

Tafla 3. Kosningaþátttaka í Þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010*Table 3. Participation in referendum 6 March 2010*

	Alls <i>Total</i>	Norð- vestur- kjördæmi	Norð- austur- kjördæmi	Suður- kjördæmi	Suð- vestur- kjördæmi	Reykja- vikur- kjördæmi suður	Reykja- vikur- kjördæmi norður
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	144.231	13.561	16.947	21.647	38.994	27.301	25.781
Karlar <i>Males</i>	72.295	7.041	8.636	11.079	19.286	13.384	12.869
Konur <i>Females</i>	71.936	6.520	8.311	10.568	19.708	13.917	12.912
Kosningaþátttaka, % <i>Participation of voters, %</i>	62,7	63,6	59,3	66,3	65,7	62,0	58,6
Karlar <i>Males</i>	62,9	64,2	59,4	66,0	65,3	62,5	59,4
Konur <i>Females</i>	62,6	63,0	59,2	66,6	66,2	61,5	57,8
Utankjörfundaratkvæði, %¹ <i>Absentee votes, %¹</i>	10,1	14,0	10,4	9,1	9,0	9,3	11,0
Sveitarfélög eftir kosningaþátttöku Municipalities by participation							
<55,0	3	–	3	–	–	–	–
55,0–59,9	14	6	7	–	–	–	1
60,0–64,9	24	8	10	3	2	1	–
65,0–69,9	26	9	1	12	4	–	–
70,0–74,9	7	2	–	5	–	–	–
75,0–79,9	3	1	1	–	1	–	–
80,0–84,9%	1	1	–	–	–	–	–

Notes: For translation of constituencies see table 5 on page 6.

¹ Hlutfall af greiddum atkvæðum. *Percent of votes cast.*

Kosningaþátttaka meiri á landsbyggð

Kosningaþátttakan var heldur meiri á landsbyggð en á höfuðborgarsvæðinu eða 63,2% á móti 62,5%. Átti þetta við í heild og um karla og konur. Var svo einnig í alþingiskosningunum 2009.

Tafla 4. Kosningaþátttaka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð 2010*Table 4. Participation in capital region and other regions 2010*

	Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	Kosningaþátttaka <i>Participation</i>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	92.076	147.369	62,5
Karlar <i>Males</i>	45.539	72.627	62,7
Konur <i>Females</i>	46.537	74.742	62,3
Landsbyggð <i>Other regions</i>	52.155	82.557	63,2
Karlar <i>Males</i>	26.756	42.301	63,3
Konur <i>Females</i>	25.399	40.256	63,1

Skýringar Notes: Höfuðborgarsvæðið nær til Reykjavíkurborgarsvæðis suður, Reykjavíkurborgarsvæðis norður og Suðvesturkjördæmis. Landsbyggð nær yfir Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurborgarsvæði. *Capital region refers to the constituencies Reykjavik south, Reykjavik north and Southwest constituency. Other regions cover the constituencies Northwest, Northeast and South.*

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Kjósandi sem gerir ráð fyrir að vera fjarverandi á kjördag eða geta ekki sótt kjörfund af öðrum ástæðum hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar, sbr. 56. gr. kosningalaga.

10,1% atkvæða utan kjörfundar

Af þeim sem greiddu atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslunni 6. mars 2010 skiluðu 14.516 manns atkvæði sínu utan kjörfundar, eða 10,1% kjósenda. Í þingkosningunum 2009 var hlutfallið 12,5%. Fleiri karlar en konur greiddu atkvæði utan kjörfundar, 11,0% á móti 9,1% kvenna, og er það samkvæmt venju. Hæst var hlutfallið í Norðvesturkjördæmi (14,0%), en lægst (9,0%) í Suðvesturkjördæmi.

Tafla 5. Utankjörfundaratkvæði eftir kjördæmum 2010

Table 5. Absentee votes by constituency 2010


	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Utankjörfundaratkvæði alls			
Absentee votes, total	14.516	7.967	6.549
Norðvesturkjördæmi <i>Northwest</i>	1.893	1.082	811
Norðausturkjördæmi <i>Northeast</i>	1.762	1.002	760
Suðurkjördæmi <i>South</i>	1.965	1.105	860
Suðvesturkjördæmi <i>Southwest</i>	3.521	1.898	1.623
Reykjavíkurborg suður <i>Reykjavik south</i>	2.551	1.376	1.175
Reykjavíkurborg norður <i>Reykjavik north</i>	2.824	1.504	1.320
Hlutfall af greiddum atkvæðum			
Percent of votes cast	10,1	11,0	9,1
Norðvesturkjördæmi <i>Northwest</i>	14,0	15,4	12,4
Norðausturkjördæmi <i>Northeast</i>	10,4	11,6	9,1
Suðurkjördæmi <i>South</i>	9,1	10,0	8,1
Suðvesturkjördæmi <i>Southwest</i>	9,0	9,8	8,2
Reykjavíkurborg suður <i>Reykjavik south</i>	9,3	10,3	8,4
Reykjavíkurborg norður <i>Reykjavik north</i>	11,0	11,7	10,2
Hlutfall af kjósendum á kjörskrá			
Percent of voters on the electoral roll	6,3	6,9	5,7
Norðvesturkjördæmi <i>Northwest</i>	8,9	9,9	7,8
Norðausturkjördæmi <i>Northeast</i>	6,2	6,9	5,4
Suðurkjördæmi <i>South</i>	6,0	6,6	5,4
Suðvesturkjördæmi <i>Southwest</i>	5,9	6,4	5,4
Reykjavíkurborg suður <i>Reykjavik south</i>	5,8	6,4	5,2
Reykjavíkurborg norður <i>Reykjavik north</i>	6,4	6,9	5,9

Fyrri þjóðaratkvæðagreiðslur

Þjóðaratkvæðagreiðslan 6. mars 2010 var sú fyrsta frá stofnun Lýðveldisins 1944. Þátttaka í öðrum þjóðaratkvæðagreiðslum sem fram hafa farið var mjög breytileg eftir tilefni eða frá 44% í þjóðaratkvæðagreiðslu um dansk-íslensku sambandslögin árið 1918 til rúmlega 98% í tvíþættri atkvæðagreiðslu árið 1944 um niðurfellingu dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands. Er nánari grein gerð fyrir fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum síðar í ritnu.

Mynd 3. Kosningaþátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslum 1908–2010

Mynd 3. Participation in referenda 1908–2010



Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2010

Í 10. gr. laga nr. 4/2010 um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar segir svo: „Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn landskjörstjórn eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um milli umboðsmanna og yfirkjörstjórnar. Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórnna og ágreiningsseðla auglýsir hún með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman til að úrskurða um gildi ágreiningsseðlanna og lýsa úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar til að umboðsmönnum gefist færi á að vera viðstaddir. Að því loknu tilkynnir landskjörstjórn dómsmálaráðuneytinu um niðurstöður sínar.“

Landskjörstjórn lýsir
niðurstöðum

Í samræmi við ofangreint ákvæði var niðurstöðum þjóðaratkvæðisgreiðslunnar lýst á fundi landskjörstjórnar 15. mars 2010 sbr. tilkynningu hennar. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið birti auglýsingu með niðurstöðum atkvæðagreiðslunnar 16. mars 2010.

Úrskurður ágreinings um fimm
atkvæðaseðla

Engar kærur bárust um ólögsmæti atkvæðagreiðslunnar en ágreiningur var um fimm atkvæðaseðla frá yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar suður. Yfirkjörstjórnin mat þá gilda en landskjörstjórn úrskurðaði þá ógilda með vísan í c.lið 100. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis.

Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar voru eftirfarandi:

Kjósendur á kjörskrá	229.926	
Greidd atkvæði	144.231	(100,0%)
Gilda atkvæði	136.991	(95,0%)
Ógilda atkvæði	7.240	(5,0%)
Auð atkvæði	6.744	(4,7%)
Önnur ógilda atkvæði	496	(0,3%)

Lögum nr. 1/2010 synjað

Gild atkvæði skiptust þannig eftir því hvernig kjósendur svöruðu spurningunni „Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?“:

Já, þau eiga að halda gildi	2.599 (1,9%)
Nei, þau eiga að falla úr gildi	134.392 (98,1%)

Þar sem meirihluti atkvæða féll þannig að synja beri lögnum samþykkis falla þau úr gildi í samræmi við 3. málslíð 26. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Eins og áður hefur komið fram var þátttakan í þjóðaratkvæðagreiðslunni 62,7%. Hlutfall kjósenda sem skiluðu auðum seðlum var 4,7% samanborið við 3,2% í alþingiskosningunum 2009 en hlutfall ógildra seðla var 0,3% í báðum tilvikum.

Tafla 6. Gild atkvæði. Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?

Table 6. Valid votes. Should the Act No. 1/2010 remain in force?

	Já, þau eiga að halda gildi <i>Yes, it should remain in force</i>	Nei, þau eiga að falla úr gildi <i>No, it should not remain in force</i>
Fjöldi atkvæða <i>Number of votes</i>	2.599	134.392
Hlutfall af greiddum atkvæðum <i>Percent of votes cast</i>	1,8	93,2
Hlutfall af gildum atkvæðum <i>Percent of valid votes</i>	1,9	98,1

Fyrri þjóðaratkvæðagreiðslur

Þjóðaratkvæðagreiðslan 6. mars 2010 var sú fyrsta frá stofnun lýðveldisins 1944. Fyrir þann tíma höfðu farið fram sex þjóðaratkvæðagreiðslur þar af tvær samtímis árið 1944.

1908 – innflutningsbann

Fyrsta atkvæðagreiðslan var 1908 um innflutningsbann á áfengi. Fór hún fram samtímis alþingiskosningum. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna má ætla að þátttakan í atkvæðagreiðslunni hafi verið um 74% en hún var 75,5% í alþingiskosningunum sjálfum í þeim kjördæmum þar sem kosning fór fram en sjálfkjörið var í einu kjördæmi (sjá töflu 7). Var lögleiðing innflutningsbannsins samþykkt með 60,1% gildra atkvæða.

1916 – þegnskylduvinna

Árið 1916 var kosið um þegnskylduvinnu. Alþingi hafði samþykkt ályktun árið 1915 um að fram færi atkvæðagreiðsla allra kosningabærra manna um það hvort lögbjóða skyldi skylduvinnu allra heilbrigðra karlmanna á aldrinum 17–25 ára í allt að þriggja mánaða tíma í eitt skipti. Fór atkvæðagreiðslan fram samhliða alþingiskosningum árið 1916 og var þátttakan 49,4%. Var tillagan um þegnskylduvinnu felld með miklum meirihluta eða 91,8% gildra atkvæða.

1918 – dönsk-íslensku sambandslögin

Árið 1918 var þjóðaratkvæðagreiðsla um dönsk-íslensku sambandslögin á grundvelli 2. mgr. 21. gr. stjórnskipunarlaga nr. 12/1915. Alls tóku 43,8% kosningabærra manna þátt í atkvæðagreiðslunni. Niðurstaða hennar var sú að sambandslögin voru samþykkt með 92,6% gildra atkvæða. Ísland varð fullvalda og frjálst ríki en í konungssambandi við Danmörku.

1933 – afnám innflutningsbanns á áfengi

Eftt var til þjóðaratkvæðagreiðslu um afnám innflutningsbanns á áfengi árið 1933 á grundvelli þingsályktunar sem Alþingi samþykkti sama ár. Fór atkvæðagreiðslan

fram samhliða alþingiskosningum en ólíkt öðrum almennum atkvæðagreiðslum giltu nú reglur laga um sveitarstjórnarkosningar. Var þátttakan í atkvæðagreiðslunni 45,3%. Afnám áfengisbannsins var samþykkt með 57,7% gildra atkvæða.

1944 – niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins 1918

Árið 1944 var samþykkt þingsályktun á Alþingi um niðurfellingu dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918. Skyldi ályktunin lögð undir atkvæði allra alþingiskjösenda í leynilegri kosningu til samþykktar eða synjunar. Ef ályktunin yrði samþykkt, tæki hún gildi, er Alþingi hefði samþykkt hana að nýju að aflokinni atkvæðagreiðslunni.

1944 – stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

Með lögum nr. 17/1944 ákvað Alþingi að atkvæðagreiðslan færi fram dagana 20.–23. maí 1944 og samhliða færi fram atkvæðagreiðsla um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sem Alþingi hafði samþykkt. Þátttakan í þessari tvíþættu atkvæðagreiðslu var meiri en nokkru sinni fyrr og síðar í kosningum hér á landi eða 98,4%. Voru sambandslitin samþykkt með 99,5% gildra atkvæða og stjórnarskráin einnig samþykkt með 98,5% gildra atkvæða.

Tafla 7. Kosningaþátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslum 1908–1944

Tafla 7. Participation in referenda 1908–1944

Ár	Efni	Kjösendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	Kosninga- þátttaka, % <i>Participation, %</i>
1908	Innflutningsbann á áfengi ¹ <i>Import ban on alcohol¹</i>	11.726	8.728	74,4
1916	Þegnskylduvinna <i>Civic duty</i>	28.529	14.105	49,4
1918	Dönsk-íslensk sambandslög <i>The Danish-Icelandic Union Act</i>	31.143	13.653	43,8
1933	Afnám innflutningsbanns á áfengi <i>Abolition of import ban on alcohol</i>	62.122	28.163	45,3
1944	Niðurfelling sambandslaga frá 1918 <i>Abrogation of the Danish-Icelandic Union Act of 1918</i>	74.272	73.058	98,4
1944	Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands <i>Constitution of the Republic of Iceland</i>	74.272	73.058	98,4

Skýring Note: Við þjóðaratkvæðagreiðslur hafa gilt kosningaréttarreglur alþingiskosninga nema árið 1933 þegar giltu reglur laga um sveitarstjórnarkosningar. *Referenda matters regarding the eligibility to vote and the electoral register have been resolved in the same manner as in parliamentary general elections to the Althing except in 1933 when it was according to regulations on local government elections.*

¹ Upplýsingar vantar um fjölda auðra og ógildra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni 1908. Greidd atkvæði hér er samtala atkvæða í alþingiskosningum þar sem kosning fór fram (þ.m.t. auð og ógild atkvæði) en sjálfkjörið var í einu kjördæmi og gildra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni í því kjördæmi. *Information is missing on the number of blank and void ballots in the referendum in 1908. Here votes cast is the sum of votes cast in the elections to the Althingi where elections took place simultaneously and valid votes in the referendum in the constituency where no election to the Althingi took place.*

Heimild Source: Kosningaskýrslur. *Elections.*

Tafla 8. Úrslit í þjóðaratkvæðagreiðslum 1908–1944Table 8. *Outcome of referenda 1908–1944*

Ár <i>Year</i>	Efni <i>Issue</i>	Atkvæði <i>Votes cast</i>		Hlutfall <i>Percent</i>	
		Já <i>Yes</i>	Nei <i>No</i>	Já <i>Yes</i>	Nei <i>No</i>
1908	Innflutningsbann á áfengi <i>Import ban on alcohol</i>	4.850	3.218	60,1	39,9
1916	Þegnskylduvinna <i>Civic duty</i>	1.016	11.313	8,2	91,8
1918	Dönsk-íslensk sambandslög <i>The Danish-Icelandic Union Act</i>	12.411	999	92,6	7,4
1933	Afnám innflutningsbanns á áfengi <i>Abolition of import ban on alcohol</i>	15.866	11.625	57,7	42,3
1944	Niðurfelling sambandslaga frá 1918 <i>Abrogation of the Danish-Icelandic Union Act of 1918</i>	71.122	377	99,5	0,5
1944	Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands <i>Constitution of the Republic of Iceland</i>	69.435	1.051	98,5	1,5

Skýring *Note:* Sjá töflu 7. *See table 7.***Heimild** *Source:* Hagskinna (Kosningaskýrslur). *Icelandic Historical Statistics (Elections).*

English Summary

A referendum was held in Iceland 6 March 2010 under Act No. 4/2010. It was the first referendum after independence in 1944. Matters regarding the eligibility to vote and the electoral register were resolved in the same manner as in the parliamentary general elections to the Althingi. The majority of votes in the whole country should determine the result of the referendum.

The total number of voters on the electoral roll was 229,926 or 72.3% of the total population. Participation of voters in the referendum was 144,231 or 62.7%. Participation of male voters was 62.9% and 62.6% of female voters.

Previously, six referenda had taken place in Iceland during the period 1908–1944, two of which took place simultaneously in 1944. The participation in these referenda was between 44% and 98%.

The referendum was to conclude if Act No. 1/2010 should remain in force or become void. The Act stipulates the modification of Act No. 96/2009 which authorises the Minister of Finance, on behalf of the Treasury, to guarantee a loan to the Depositors' and Investors' Guarantee Fund from the states of Britain and the Netherlands to reimburse for payments made to depositors of the Landsbanki Íslands hf. The Althingi passed Act No. 1/2010 but the president vetoed it.

Two possible options were given on the ballot paper, i.e. "Yes, it should remain in force" and "No, it should not remain in force".

In the referendum the great majority voted „no“ or 134,392 and 2,599 voted „yes“. Thus Act No. 1/2010 became void. The number of blank ballots was 6,744 and void ballots were 496.

Tafla 9. Greidd atkvæði, kjósendur á kjörskrá og kosningaþátttaka eftir sveitarfélögum 2010

Table 9. Votes cast, voters on the electoral roll and participation by municipalities 2010

	Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>			Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>			Kosningaþátttaka, % <i>Participation, %</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Allt landið <i>Whole country</i>	144.231	72.295	71.936	229.926	114.928	114.998	62,7	62,9	62,6
Norðvesturkjördæmi, alls	13.561	7.041	6.520	21.324	10.973	10.351	63,6	64,2	63,0
Hvalfjarðarsveit	287	146	141	434	226	208	66,1	64,6	67,8
Akranes	2.904	1.465	1.439	4.608	2.342	2.266	63,0	62,6	63,5
Skorradalshreppur	25	15	10	44	24	20	56,8	62,5	50,0
Borgarbyggð	1.611	833	778	2.543	1.283	1.260	63,4	64,9	61,7
Eyja- og Miklaholtshreppur	69	37	32	95	52	43	72,6	71,2	74,4
Snæfellsbær	727	386	341	1.114	589	525	65,3	65,5	65,0
Grundarfjarðarbær	389	210	179	603	318	285	64,5	66,0	62,8
Helgafellssveit	37	21	16	50	27	23	74,0	77,8	69,6
Stykkishólmur	530	281	249	811	425	386	65,4	66,1	64,5
Dalabyggð	333	172	161	512	262	250	65,0	65,6	64,4
Reykhólahreppur	123	69	54	211	108	103	58,3	63,9	52,4
Vesturbyggð	391	204	187	642	324	318	60,9	63,0	58,8
Tálknafjarðarhreppur	121	69	52	180	100	80	67,2	69,0	65,0
Bolungarvík	380	189	191	617	310	307	61,6	61,0	62,2
Ísafjarðarbær	1.653	845	808	2.749	1.388	1.361	60,1	60,9	59,4
Súðavíkurhreppur	85	44	41	150	79	71	56,7	55,7	57,7
Árneshreppur	35	20	15	43	24	19	81,4	83,3	78,9
Kaldrananeshreppur	53	27	26	89	45	44	59,6	60,0	59,1
Strandabyggð	209	115	94	377	204	173	55,4	56,4	54,3
Bæjarhreppur	45	25	20	65	38	27	69,2	65,8	74,1
Húnaþing vestra	506	266	240	839	428	411	60,3	62,1	58,4
Húnavatnshreppur	192	110	82	309	175	134	62,1	62,9	61,2
Blönduóssbær	407	213	194	618	320	298	65,9	66,6	65,1
Sveitarfélagið Skagaströnd	257	132	125	370	190	180	69,5	69,5	69,4
Skagabyggð	40	24	16	69	40	29	58,0	60,0	55,2
Sveitarfélagið Skagafjörður	2.037	1.056	981	3.030	1.566	1.464	67,2	67,4	67,0
Akrahreppur	115	67	48	152	86	66	75,7	77,9	72,7
Norðausturkjördæmi, alls	16.947	8.636	8.311	28.587	14.542	14.045	59,3	59,4	59,2
Fjallabyggð	989	490	499	1.615	832	783	61,2	58,9	63,7
Dalvíkurbyggð	831	430	401	1.348	695	653	61,6	61,9	61,4
Arnarneshreppur	74	41	33	129	73	56	57,4	56,2	58,9
Hörgárbyggð	195	103	92	307	169	138	63,5	60,9	66,7
Akureyri	7.418	3.662	3.756	12.980	6.336	6.644	57,1	57,8	56,5
Eyjafjarðarsveit	460	237	223	716	375	341	64,2	63,2	65,4
Svalbarðsstrandarhreppur	173	89	84	278	146	132	62,2	61,0	63,6
Grýtubakkahreppur	160	80	80	237	124	113	67,5	64,5	70,8
Þingeyjarsveit	358	199	159	723	393	330	49,5	50,6	48,2
Skútustaðahreppur	156	76	80	291	152	139	53,6	50,0	57,6
Norðurþing	1.258	627	631	2.144	1.086	1.058	58,7	57,7	59,6
Tjörneshreppur	41	23	18	53	31	22	77,4	74,2	81,8
Svalbarðshreppur	40	23	17	82	46	36	48,8	50,0	47,2
Langanesbyggð	188	100	88	331	182	149	56,8	54,9	59,1
Vopnafjarðarhreppur	308	173	135	516	279	237	59,7	62,0	57,0
Fljótsdalshreppur	41	26	15	74	45	29	55,4	57,8	51,7
Fljótsdalshérað	1.495	781	714	2.451	1.257	1.194	61,0	62,1	59,8
Borgarfjarðarhreppur	60	33	27	103	60	43	58,3	55,0	62,8

Tafla 9. Greidd atkvæði, kjósendur á kjörskrá og kosningaþátttaka eftir sveitarfélögum 2010 (frh.)
 Table 9. Votes cast, voters on the electoral roll and participation by municipalities 2010 (cont.)

	Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>			Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>			Kosningaþátttaka, % <i>Participation, %</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Seyðisfjörður	338	170	168	538	280	258	62,8	60,7	65,1
Fjarðabyggð	2.047	1.101	946	3.180	1.702	1.478	64,4	64,7	64,0
Breiðdalshreppur	111	63	48	171	99	72	64,9	63,6	66,7
Djúpavogshreppur	206	109	97	320	180	140	64,4	60,6	69,3
Suðurkjördæmi, alls	21.647	11.079	10.568	32.646	16.786	15.860	66,3	66,0	66,6
Sveitarfélagið Hornafjörður	1.027	544	483	1.520	795	725	67,6	68,4	66,6
Skaftárhreppur	245	130	115	367	205	162	66,8	63,4	71,0
Mýrdalshreppur	272	147	125	365	196	169	74,5	75,0	74,0
Vestmannaeyjar	2.003	1.018	985	3.045	1.573	1.472	65,8	64,7	66,9
Rangárþing eystra	847	452	395	1.196	637	559	70,8	71,0	70,7
Rangárþing ytra	790	405	385	1.065	546	519	74,2	74,2	74,2
Ásahreppur	91	45	46	137	68	69	66,4	66,2	66,7
Sveitarfélagið Árborg	3.661	1.857	1.804	5.511	2.822	2.689	66,4	65,8	67,1
Flóahreppur	285	160	125	421	231	190	67,7	69,3	65,8
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	230	122	108	355	191	164	64,8	63,9	65,9
Hrunamannahreppur	369	201	168	495	264	231	74,5	76,1	72,7
Bláskógabyggð	411	217	194	626	324	302	65,7	67,0	64,2
Grímsnes- og Grafningshreppur	203	114	89	302	169	133	67,2	67,5	66,9
Hveragerði	1.150	583	567	1.703	882	821	67,5	66,1	69,1
Sveitarfélagið Ölfus	818	424	394	1.254	661	593	65,2	64,1	66,4
Grindavíkurbær	1.311	648	663	1.858	939	919	70,6	69,0	72,1
Sandgerði	660	347	313	1.088	572	516	60,7	60,7	60,7
Sveitarfélagið Garður	661	339	322	973	490	483	67,9	69,2	66,7
Reykjanesbær	6.057	3.041	3.016	9.566	4.792	4.774	63,3	63,5	63,2
Sveitarfélagið Vogar	556	285	271	799	429	370	69,6	66,4	73,2
Suðvesturkjördæmi, alls	38.994	19.286	19.708	59.335	29.555	29.780	65,7	65,3	66,2
Hafnarfjörður	11.698	5.807	5.891	18.259	9.024	9.235	64,1	64,4	63,8
Garðabær	5.481	2.688	2.793	7.996	3.937	4.059	68,5	68,3	68,8
Sveitarfélagið Álftanes	1.295	630	665	1.723	859	864	75,2	73,3	77,0
Kópavogur	14.133	6.977	7.156	21.939	11.074	10.865	64,4	63,0	65,9
Seltjarnarnes	2.297	1.129	1.168	3.349	1.628	1.721	68,6	69,3	67,9
Mosfellsbær	3.988	2.004	1.984	5.913	2.948	2.965	67,4	68,0	66,9
Kjósarhreppur	102	51	51	156	85	71	65,4	60,0	71,8
Reykjavíkurborgkjördæmi suður	27.301	13.384	13.917	44.049	21.415	22.634	62,0	62,5	61,5
Reykjavíkurborgkjördæmi norður	25.781	12.869	12.912	43.985	21.657	22.328	58,6	59,4	57,8

Note: For translation of constituencies see table 5 on page 6.

Hagtiðindi **Kosningar**
Statistical Series **Elections**

95. árg. • 37. tbl. 2010:2

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4738 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4746 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Sigríður Vilhjálmsdóttir • sigridur.vilhjalmsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series